

Hamarinn

Hamarinn var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1984. Á Hamrinum eru að finna jökulminjar og setur hann mikinn svip á miðbæ Hafnarfjarðar og nýtur vinsælda sem útivistarsvæði með sínar jökulrispuðu klappir frá jökulskeiðum Ísaldar. Grjót hefur frosið fast í botnlagi jökulsins og dregist með honum og myndað þannig rispurnar í klöppina. Elsta bergmyndun Hafnarfjarðar og undirstaðan sem allt annað hvílir á er grágrýti, sem er einkennisbergtegundin í Hamrinum. Það myndaðist úr hrauni frá eldstöðvum sem voru virkar á hlýskeiði Ísaldar og eru yfirleitt komin úr dyngjum.

Ekki er vitað úr hvaða eldstöð grágrýtið í Hafnarfirði er komið.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask eru óheimil, nema til komi sérstakt leyfi umhverfisstofnunar. Heimilt er í samræmi við skipulag Hamarssvæðisins og í samráði við umhverfisstofnun að láta planta trjágróðri, leggja gangstíga og setja upp bekki og annan búnað í þágu útivistar á svæðinu.

2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.

Hamrinum tengjast margar sögur um álfa og huldufólk.

Til er saga um heimsókn bóndans í Hamarskoti til álfa er þjuggu í Hamarskotshamri. Maður þessi hét Gunnar Bjarnason og segir sagan, að eitt sinn er hann var á gangi norðan, eða austan megin í Hamrinum á vetrarkvöldi um jólaleyti, hafi hann heyrt söng í honum. Gekkk hann þá á hljóðið og kom að opnum dyrum á Hamrinum, sem hann gekk inn um. „Kemur hann inn í mannahýbýli og stendur söngurinn þá sem hæst. Þá var það venja á landi hér, ef að gest bar að garði, meðan á húslestri stóð, þá gekk hann hljóðlega inn, yrti ekki á neinn og heilsaði ekki fyrr en að lestrinum loknum. Þessari venju fylgdi Gunnar. Sat hann hljóður meðan á söngnum stóð og hlustaði með gaumgæfni á lesturinn, sem á eftir fór. Er mælt, að hann hafi kannast við lögin og sálmana en eigi hugvekjuna eða predikunina. Eftir lesturinn var sunginn sálmur og að honum loknum gekk Gunnar út jafnhljóðlega og þá er hann kom inn.“ Þrátt fyrir margar tilraunir Gunnars varð hann aldrei aftur var við álfana í Hamrinum.

Margir Hafnfirðingar sem leikið sér hafa í Hamrinum telja sig hafa séð þar hvítklædda veru sem er böðuð ljóma með silfurbelti um sig miðja. Sumir hafa talið sig heyra fagran söng án þess að sjá lifandi sálu.

Í bókinni "Bær í byrjun aldar" segir Magnús Jónsson frá bæjum, kotum og fólki í Hafnarfirði í byrjun 20. aldar. Um Hamarskotið segir hann: "Nú eru löngu horfin öll ummerki um hvar þetta kot stóð, en það var í slakkanum uppi á Hamrinum. Upphaflega hefur bærinn sjálfsagt dregið nafn sitt af hamrinum, en svo var farið að kenna hamarinn við kotið, og hann nefndur Hamarskotshamar.

Í sögu Hafnarfjarðar, 1983, segir m.a. um Hamarskotshamar: "Eftir að gagnfræðaskólinn í Flensborg tók til starfa árið 1882 og aðkomupiltar tóku að sækja hann, mátti segja að allmikið lifnaði yfir firðinum á hverju hausti við komu þeirra.

Brenna var oftast annað hvort á gamlárskvöld eða á þrettándanum og venjulega var álfadans í sambandi við hana. Var þá dansað úti á einhverri tjörninni. Oftast var brennan á Hamarskotshamri, en stöku sinnum á Kvíholtinu norðan Jófríðarstaða, þar sem nú er nunnuklaustur.